

## **Sjálfsmatsskýrsla 2012 - 2013**

## Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	3
1.1	Einkenni stofnunar og staða í samfélaginu .....	3
1.2	Almenn stefna og markmið .....	3
2	Innra mat skólans .....	4
2.1	Sjálfsmatsáætlun 2012-2013 .....	4
2.2	Viðhorfskönnun meðal nemenda .....	4
2.3	Matsfundir, mat á kennslu .....	8
2.4	Mat kennara á áföngum .....	9
2.5	Endurskoðun á skólanámskrá .....	10
2.6	Mat á umsjónarkennarakerfinu .....	10
2.7	Sjálfsmat kennara á eigin kennsluháttum og kennsluaðferðum .....	11
2.8	Tölulegar upplýsingar um skólastarfið .....	11
3.	Aðgerðir til úrbóta .....	13
4.	Samantekt .....	14

## 1 Inngangur

### 1.1 Einkenni stofnunar og staða í samfélaginu

Skólinn er áfangaskóli og býður nám til stúdentsprófs og annarra lokaprófa skv. lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Skólinn er í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið um innleiðingu nýrra laga um framhaldsskóla og tekur allt starf hans og uppbygging mið af þeim. Í því felst m.a. uppbygging nýrra námsbrauta sem byggja á hugmyndum um hæfnimiðað nám sem flokkast á tiltekin þrep og samningu nýrra áfangalýsinga í öllum áföngum. Einkenni skólastarfsins eru fjölbreyttar, verkefnaþjálfarar kennsluáferðir og leiðsagnarmat. Áhersla er á að bjóða nemendum metnaðarfullt nám við hæfi hvers og eins og stuðlað er að öfluglu félagslífi nemenda. Skólinn kennir sig auk þess við auðlindir og umhverfi í víðum skilningi. Þar er átt jafnt við auðlindir í náttúrunni sem og mannauð með áherslu á lýðheilsu og menningarlegar auðlindir og endurspeglar skólastarfið þær áherslur. Enn fremur er umhverfi skólans mikilvægur þáttur í skólastarfinu þar sem hugað er m.a. að náttúrufræði umhverfisins, virðingu fyrir því og hvernig njóta má þess og nýta á skynsamlegan hátt.

### 1.2 Almenn stefna og markmið

Stefna skólans gerir ráð fyrir að kennsluhættir einkennist af því að nemendur séu virkir þátttakendur í eigin námi og öðlist þannig sjálfstæði og frumkvæði. Til að ná þessu fram eru notaðar fjölbreyttar verkefnaþjálfarar kennsluáferðir þar sem hugmyndafræðin gengur út á að nemandinn tileinki sér námsefnið í gegnum verkefni sem hann vinnur og umræður sem hann tekur þátt í. Stundaskrá nemenda er sveigjanleg að því marki að daglega eru verkefnatímar þar sem nemandinn velur sér viðfangsefni. Námsmat byggir á hugmyndum um leiðsagnarmat sem m.a. fela í sér að engin lokapróf eru haldin við skólann.

Markmið skólans er að stuðla að alhliða þroska nemenda svo þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Það gerir skólinn m.a. með því að efla siðferðis- og sjálfsvitund nemenda, samfélagslega ábyrgð þeirra, efla færni nemenda í íslensku máli, efla sjálfsaga og sjálfstæð vinnubrögð þeirra, kenna nemendum að njóta menningarlegra verðmæta, búa þá undir störf og frekara nám.

Stefna skólans og markmið styðja við þann einhug sem ríkir meðal starfsfólks sem hefur einsett sér að skapa hvetjandi námsumhverfi sem einkennist af jákvæðu viðhorfi og gagnkvæmri virðingu. Jafnframt er lögð áhersla á að vera í góðum tengslum við umhverfið, bæði hvað varðar listir og menningu, íþróttir og lýðheilsu og annað það sem einkennir mannlíf í Mosfellsbæ.

## 2 Innra mat skólans

### 2.1 Sjálfsmatsáætlun 2012-2013

Tafla 1 sýnir sjálfsmatsáætlun skólans veturinn 2012-2013


<b>Haustönn 2012</b>	<b>Vorönn 2013</b>
Viðhorfskönnun – líðan – aðstaða – skipulag kennslu	Viðhorfskönnun – líðan – aðstaða – skipulag kennslu
Matsfundir	Matsfundir
Upplýsingar um námsárangur	Upplýsingar um námsárangur
Söfnun gagna (fjöldi nemenda, starfsmanna, skipting á brautir, kyn, aldur og fleira)	Söfnun gagna (fjöldi nemenda, starfsmanna, skipting á brautir, kyn, aldur og fleira)
Mat kennara á áföngum	Mat á umsjónarkennarakerfinu
Vinna við skólanámskrá	Kennsluhættir - kennsluaðferðir

Tafla 1. Sjálfsmatsáætlun 2012-2013


### 2.2 Viðhorfskönnun meðal nemenda

Á báðum önnum voru lagðar fyrir viðhorfskannanir hjá nemendum. Í þeim var spurt um upplifun nemenda af kennslunni, kennsluaðferðum, námsmati, vinnuálagi, líðan í skólanum, félagslífi og hvernig þjónusta sem í boði er nýtist þeim. Þegar niðurstöður lágu fyrir var haldinn húsfundur með nemendum og starfsfólki þar sem niðurstöðurnar voru kynntar og ræddar. Myndir 1-11 sýna niðurstöður viðhorfskannana síðustu þriggja anna. Svarhlutfallið hefur því miður verið fremur lágt (undir 50%) og fer lækkandi, þrátt fyrir ýmsar tilraunir til að auka þátttöku. Sem dæmi má nefna hvatningu í formi verðlauna sem dregin voru út að könnun lokinni. Svarhlutfallið V2012 var 45,7%, H2012 var það 38,6% og V2013 var svarhlutfallið aðeins 31,7%.


Mynd 1. Kennslan í skólanum




Mynd 2. Kennsluaðferðirnar í FMOS




Mynd 3. Umsagnir/athugasemdir




Mynd 4. Verkefnaskil




Mynd 5. Vinnuálagið




Mynd 6. Líðan í skólanum




Mynd 7. Mæting í verkefnatíma




Mynd 8. Vinir/félagar




Mynd 9. Þátttaka í félagslífi



Mynd 10. Ánægja með FMOS



Mynd 11. Verkefnadagar



### 2.3 Matsfundir, mat á kennslu

Á skólaárinu 2012-2013 var framkvæmt kennslumat hjá öllum kennurum skólans, helmingur kennara á hvorri önn, samtals í 60 hópum. Kennslumatið var í formi matsfunda þar sem stjórnendur hitta nemendahópa og gefa þeim tækifæri til að tjá sig um jákvæðar hliðar kennslunnar og kalla eftir hugmyndum um umbætur. Niðurstöður voru skráðar og hver kennari fékk niðurstöðurnar afhentar og þær ræddar á fundi með stjórnendum.

Niðurstöðurnar sýndu að nemendur skólans eru almennt ánægðir með kennsluhætti og af því má draga þá ályktun að kennurum tekst vel upp með að starfa samkvæmt hugmyndafræði skólans. Matsfundirnir gefa ítarlegar upplýsingar um skólastarfið og þar sem matið fer fram í samræðuformi eru stjórnendur í nánari tengslum við nemendur. Reynslan af þessari aðferð samanborið við spurningarlista er að skoðanir nemenda á skólastarfinu verða skýrari og auðveldara er að bregðast við því sem þeir benda á.





Tímamælingarnar sýndu að flestir kennarar þurftu að gera smávægilegar breytingar í aðra hvora áttina. Nauðsynlegt er að tímamæla áfanga reglulega til að tryggja að einingafjöldi sé í sem bestu samræmi við vinnuframlag.

## 2.5 Endurskoðun á skólanámskrá

Veturinn 2012-2013 fór fram vinna við skólanámskrá FMOS. Auk námsbrautalýsinga og áfangalýsinga hefur verið lokið við forvarnarstefnu, umhverfisstefnu, jafnréttisstefnu, móttökuáætlun, skólareglur og kaflann um skólabrag. Allt þetta efni hefur verið birt á vef skólans. Eftirfarandi kaflar eru í vinnslu; framtíðarsýn FMOS, rýmingaráætlun, áfallaáætlun, viðbrögð við vá og siðareglur. Stefnt er því að ljúka þessum köflum á skólaárinu 2013-2014.

## 2.6 Mat á umsjónarkennarakerfinu

Á vorönn 2013 voru settir af stað tveir rýnihópar með 5 þátttakendum í hvorum hópi til að leggja mat á umsjónarkennarakerfið. Annars vegar var um að ræða rýnihóp nemenda og hins vegar rýnihóp kennara. Til grundvallar voru lagðar tvær spurningar: Hvernig er upplifun þín af umsjónarkennarakerfinu og hvað einkennir góðan umsjónarkennara? Framkvæmdin var þannig að tveir úr sjálfsmatshópi FMOS stýrðu umræðunum og skráðu niðurstöður. Niðurstöður rýnihópanna voru samhljóða eins og sjá má á mynd 13.

### Mynd 13. Niðurstöður rýnihópa á umsjónarkennarakerfinu

**Hvað einkennir góðan umsjónarkennara?**

Rýnihópur kennara	Rýnihópur nemenda
<ul style="list-style-type: none"><li>Veit hvernig nemendur lífa út og þekkja þá með nafni</li><li>Hafa gott yfirlit yfir feril nemenda og hvernig gengur</li><li>Trúnaðarsamband og traust</li><li>Umsjónartími einu sinni í mánuði</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Mikilvægt að þekkja umsjónarkennarann</li><li>Hvetur nemandann og hefur gott yfirlit yfir námsferilinn</li><li>Trúnaðarsamband</li><li>Umsjónartími einu sinni í mánuði, gera eitthvað skemmtilegt</li></ul>

Annað sem kom fram í rýnihópi kennara var að þeim fannst kostur að umsjónarnemendur væru í áföngum sem þeir kenna. Gott væri að raða umsjónarnemendum á kennara eftir brautum. Mikilvægt væri að hafa skýra starfslýsingu fyrir umsjónarkennara og þeir bentu á að umsjónarkennarastarfið lendir oft aftarlega á verkefnalistanum.

## 2.7 Sjálfsmat kennara á eigin kennsluháttum og kennsluaðferðum

Á vinnudögum kennara í lok vorannar 2013 fór fram rýni kennara á eigin kennsluháttum og kennsluaðferðum. Skipt var í fjóra umræðuhópa og hóparnir beðnir um að ræða og svara spurningunum: Erum við í FMOS að nota leiðsagnarmat og hvaða kennsluaðferðir erum við að nota í FMOS? Kennarar voru sammála um að vissulega er verið að nota leiðsagnarmat en matið er í stöðugri þróun og þarf ennþá að slípast til. Það kom fram í umræðum hópanna varðandi leiðsagnarmatið að erfitt getur verið að sjá stíganda í vinnu nemenda þar sem þeir taka ekki alltaf til sín leiðbeiningarnar. Einnig kom fram að mikilvægt er að markmiðin í áföngunum og með vinnu nemenda séu skýr, nemendur þurfa að vita til hvers verkefnin eru og hvers er ætlast til af þeim. Umræður sköpuðust um hvernig kennari eigi að bregðast við ef verkefnin sem skilað er standast ekki kröfur áfangans. Þróun leiðsagnarmatsins hefur verið í þá átt að kennarar nýta munnlega endurgjöf í meira mæli en áður. Varðandi kennsluaðferðirnar voru allir hóparnir sammála um að stýrðar umræður væru áhrifarík kennsluaðferð en notkun hennar hefur aukist á undanförunum önnum. Samvinnunám, paravinna og hópavinna af ýmsu tagi voru aðferðir sem allir hópar nefndu sem mikið notaða kennsluaðferð.

## 2.8 Tölulegar upplýsingar um skólastarfið

Heiti brautar	H2011	V2012	H2012	V2013
<b>Almenn námsbraut</b>	63	50	46	25
<b>Félags- og hugvísindabraut</b>	80	96	113	125
<b>Listabraut</b>	35	39	37	30
<b>Íþrótt- og lýðheilsabraut</b>	33	25	16	13
<b>Náttúruvísindabraut</b>	26	25	27	29
<b>Sérnámsbraut</b>	3	4	4	5

Tafla 2. Skipting nemenda eftir brautum

Tegund náms	H2011	V2012	H2012	V2013
<b>Dagskóli</b>	240	239	243	229

Tafla 3. Skipting nemenda eftir tegund náms

Árgangur	H2011	V2012	H2012	V2013
<b>1957-1980</b>	1	1	4	3
<b>1981-1990</b>	52	58	42	38
<b>1991</b>	32	26	30	28
<b>1992</b>	35	40	31	29
<b>1993</b>	54	57	47	43
<b>1994</b>	42	34	30	28
<b>1995</b>	24	23	27	27
<b>1996</b>	0	0	32	33
<b>Alls:</b>	<b>240</b>	<b>239</b>	<b>243</b>	<b>229</b>

Tafla 4. Skipting nemenda eftir aldri

Kyn	H2011	V2012	H2012	V2013
<b>KK</b>	124	119	122	114
<b>KVK</b>	116	120	121	115

Tafla 5. Skipting nemenda eftir kyni

Starfsfólk	H2011	V2012	H2012	V2013
<b>Stjórnendur</b>	2	2	2	2
<b>Starfsfólk skrifstofu og annarrar stoðþjónustu</b>	4	5	5	5
<b>Kennarar</b>	27	24	21	22
<b>Stuðningsfulltrúar</b>	0	0	1	1
<b>Alls:</b>	<b>33</b>	<b>31</b>	<b>29</b>	<b>30</b>

Tafla 6. Fjöldi starfsfólks

### 3. Aðgerðir til úrbóta

- **Sjálfsmatsáætlun 2012-2013**

Komið hefur fram gagnrýni á fyrirkomulag sjálfsmats í skólanum frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Í ljósi þess verður sjálfsmatsáætlun endurskoðuð og vinna við það er þegar hafin. Áætlunin verður lögð fram og birt á vef skólans í byrjun október 2013.

- **Viðhorfskönnun meðal nemenda**

Þátttaka nemenda í viðhorfskönnunum hefur verið frekar lítil. Sjálfsmatshópurinn hefur reynt ýmsar leiðir til að auka þátttöku nemenda en með frekar litlum árangri. Í athugun er sá möguleiki að viðhorfskönnunin á haustönn 2013 verði tengd kennslukerfi skólans í stað þess að nemendur fái könnunina senda í tölvupósti.

Viðhorfskönnunin sýnir að 34% svarenda (mynd 7) mætir sjaldan eða aldrei í verkefnatíma. Eftir umræður um þetta mál á kennarafundi var ákveðið að kennarar og náms- og starfsráðgjafar reyni að hvetja nemendur enn frekar til að nýta sér þessa tíma og jafnvel boða þá í tímana í ákveðnum tilvikum, t.d. ef nemendur missa úr tíma vegna veikinda, eru á eftir með verkefnavinnuna eða þurfa á meiri hjálp að halda en hægt er að veita í kennslustundum.

Viðhorfskönnunin sýnir að 35% svarenda (mynd 3) les ekki alltaf umsagnir sem fylgja verkefnum. Eftir umræður um þetta mál á kennarafundi var niðurstaðan sú að skynsamlegt væri að kennarar gefi nemendum tíma til að lesa og bregðast við umsögnum í kennslustund.

- **Matsfundir, mat á kennslu**

Matsfundir leiddu í ljós að nemendur vilja gjarnan hafa meira val um það á hvaða formi verkefnum er skilað. Eftir umræður á kennarafundi var ákveðið að kennarar taki tillit til þessa eftir því sem mögulegt er. Einnig að mikilvægt væri að ekki er hægt að ganga út frá því að allir nemendur eigi tæki, nauðsynleg forrit eða búi yfir nægri kunnáttu til að hægt sé að gera ráð fyrir sambærilegum verkefnum á rafrænu formi sé skilað. Til að bregðast við þessu m.a. og almennt til að jafna mjög mismunandi hæfni nemenda í tölvunotkun var sérstakur tölvunotkunaráfangi settur inn í kjarna allra brauta.

- **Mat kennara á áföngum**

Það hefur sýnt sig að tímamælingar áfanga eru mikilvægar en þær hafa verið lítið sýnilegar í sjálfsmatsáætlun skólans hingað til. Í nýrri endurbættri sjálfsmatsáætlun verður bætt úr því.

- **Endurskoðun á skólanámskrá**

Kennarahópnum hefur verið skipt í smærri vinnuhópa til að ljúka við þá kafla skólanámskrár sem enn eru í vinnslu. Lokið verður við þessa vinnu á skólaárinu 2013-2014 og búin til áætlun um reglulega endurskoðun.

- **Mat á umsjónarkennarakerfinu**

Niðurstöður rýnihópa um umsjónarkennarakerfið sýndu að þörf er á starfslýsingu. Þessi ábending verður höfð í huga þegar vinna við aðrar starfslýsingar starfsfólks skólans hefst. Unnið verður að starfsmannastefnu á skólaárinu 2014-2015.

- **Sjálfsmat kennara á eigin kennsluháttum og kennsluaðferðum**

Þróun kennsluaðferða og leiðsagnarmats er verkefni sem er stöðugt í gangi. Niðurstöður sjálfsmats kennara er leiðarvísir í þessari þróun og eru atriðin sem þar koma fram mikilvægur liður í þeirri vinnu.

#### 4. Samantekt

Í sjálfsmatshópi FMOS eru skólameistari, aðstoðarskólameistari, námsráðgjafi og tveir kennarar. Hópurinn hittist að jafnaði einu sinni í viku og ber hópurinn ábyrgð á að sjálfsmatsáætlun sé gerð og henni fylgt eftir. Niðurstöður þeirra kannana sem lagðar voru fyrir voru gagnlegar fyrir skólastarfið í heild og höfðu í för með sér nokkrar umbætur á skólastarfinu eins og lýst er hér að framan.

Guðbjörg Aðalbergisdóttir, skólameistari

Guðrún Guðjónsdóttir, aðstoðarskólameistari

Inga Þóra Ingaóttir, náms- og starfsráðgjafi

Ívar Rafn Jónsson, sálfræðikennari

Kristján Einarsson, stærðfræðikennari